



Skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar
Kristinn Pálsson
Þverholti 2, 270 Mosfellsbæ

Reykjavík 24.08.2022

Beiðni um breytingu á deiliskipulagi „Miðbær í Mosfellsbæ“, samþykkt m.br. 14.12.2021.

Áformað er að norðan megin á lóðinni Langatanga 2a í Mosfellsbæ, rísi 2.860 m² hjúkrunarheimili í tengslum við núverandi hjúkrunarheimili Hamra. Samkvæmt ábendingu Skipulagsstofnunar þarf breytingu á núgildandi deiliskipulagi svo byggingaráformin verði möguleg. Því er óskað eftir að hálfu Framkvæmdasýslu – Ríkiseignum, f.h. heilbrigðisráðuneytis og fjármála- og efnahagsráðuneytis, að sveitarfélagið annist breytingu á deiliskipulagi „Miðbær í Mosfellsbæ“, sem tekur yfir lóð hjúkrunarheimilisins Hamra við Langatanga 2a, 270 Mosfellsbæ í samræmi við samþykkt um stækkun á hjúkrunarheimilinu.

Um er að ræða stækkun byggingarreitar til norðurs til að koma fyrir byggingu á allt að þremur hæðum sem er 1.430 m² að grunnfleti. Lagt er til að hafa vel rúman byggingarreit.

Gera þarf ráð fyrir fjölgun bílastæða um 20 stæði, innganga fyrir viðbyggingu og útisvæði á lóð.

Samkvæmt 2 lið 32.mgr. í lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007, skal sveitarfélag leggja til lóð ríkissjóði að kostnaðarlausu, þar með talið breytingu á deiliskipulagi.

Meðfylgjandi er undirrituð frumathugun.

Virðingarfyllst

f.h. Framkvæmdasýslunnar – Ríkiseigna

Þróstur Söring framkvæmdastjóri

Anna Sofía Kristjánsdóttir verkefnastjóri

Afrit

Guðrún Fanney Sigurðardóttir sérfræðingur HRN

Hrafn Hlynsson sérfræðingur FJR

Undirritunarsíða

Þróstur Valmundsson Söring

Anna Sofia Kristjánsdóttir